

Orðmyndun I

Samsett orð

Samsett orð eru orð sem eru búin til úr fleiri en einu orði. Þrjár gerðir eru til: stofnsamsetning, eignarfallssamsetning og tengistafssamsetning (bandstafs-samsetning).

1) Stofnsamsetning

Stofn fyrra orðsins er notaður í samsetninguna. Í orðum sem eru endingarlaus í nefnifalli (t.d. *borð*, *hár*) eru stofn og nefnifallmynd eins:

borðfótur (*borð* + *fótur*); *hárbursti* (*hár* + *bursti*)

Annars er stofninn fundinn með því að draga beygingarendinguna frá. *Fisk-* er stofn orðsins *fiskur* og *-ur* er beygingarending; *bíl-* er stofn orðsins *bíll* og *-l* er beygingarending:

fiskbúð (*fisk(-ur)* + *búð*); *bildekk* (*bíl(-l)* + *dekk*)

Verkefni

Finnið tvö dæmi um stofnsamsett orð og sýnið úr hvaða orðum samsetta orðið er búð til.

2) Eignarfallssamsetning

Eignarfallsmýnd fyrra orðsins er notuð í samsetninguna. Ýmist er notuð eintölu- eða fleirtölu mynd. Eignarfallssamsetning er mjög algeng.

a) Eignarfall eintölu: *læknisfræði*, *verslunarstjóri*, *götukort*, *Íslandskort*, *liljuvöndur*

b) Eignarfall fleirtölu: *fiskabúr*, *nemendaskrá*, *landakort*, *gatnamót*

Verkefni

Finnið tvö dæmi um eignarfallssamsett orð og sýnið úr hvaða orðum samsetta orðið er búð til.

Stundum er það **merking** samsetta orðsins sem ræður því hvort er eintala eða fleirtala. Dæmi um þetta er orðið *gatnamót*. Þarna er orðið *gata* í eignarfalli fleirtölu

enda eru það tvær götur sem mætast. Það er alls ekki algilt að merking samsetta orðsins ráði því hvort fyrri liðurinn er í eintölu eða fleirtölu. Dæmi um þetta er orðið *liljuvöndur*. Það þarf augljóslega fleiri en eina lilju í liljuvönd en þó er orðið *lilja* í eintölu. Fleiri dæmi eru *götukort*, *kökubúð*, *stjörnukort*, *frumurannsóknir*, *mömmumorgnar*...

3) Tengistafssamsetning (bandstafssamsetning)

Tengistafir eru bókstafir sem settir er á milli fyrri og seinni liðar samsettra orða. Tengistafurinn tilheyrir í rauninni hvorugu orðinu í samsetningunni:

-s-: *athyglisvert* (*athygli+s+vert*). Eignarfall orðsins *athygli* er *athygli*. Þetta -s- tilheyrir ekki orðinu *athygli* og er því tengistafur (bandstafur). Sama gildir um orð eins og *keppnisgrein*.

Önnur dæmi um orð samsett með tengistaf (bandstaf) eru: *fimmtudagur*, *sendibréf*, *sippuband*, *dótabúð* og *landareign*. Tengistafssamsetning er frekar sjaldgæf.

Verkefni

Finnið eitt orð sem er samsett með tengistaf. Var það auðvelt? Hvernig vitið þið að þarna er tengistafur en ekki eignarfallsending?

Afleidd orð

Afleidd orð eru oftast búin til úr rót og viðskeyti. **Viðskeyti** er þá bætt aftan við rótina. Einnig getur viðskeyti bæst við eignarfallsmynd. Viðskeyti er ekki sjálfstætt orð, t.d. *-ing*. Þegar orð eru afleidd þá breytist oft merkingin og oft breytist líka orðflokkurinn. Dæmi: *blóð* (nafnorð) + *-ug-* (viðskeyti) verður *blóðugur* (lýsingarorð). Viðskeytin eru misalgeng, t.d. er viðskeytið *-leg-* mjög algengt en *-ug-* sjaldgæft.

-ing-: *Íslendingur* (*Ísland* + viðskeytið *-ing-*), hljóðvarp a~e (*land~lend*) verður í rótinni þegar viðskeytið bætist við

-ræn-: *listrænn* (*list* + viðskeytið *-ræn-*)

-ug-: *blóðugur* (*blóð* + viðskeytið *-ug-*)

-leg-: *asnalegur* (*asni* + viðskeytið *-leg-*)

Aftan við viðskeytin bætast síðan oft **beygingarendingar**: *blóðugur* (*blóð* + viðskeytið *-ug-* + beygingarendingin *-ur*). Sum viðskeyti valda stundum **hljóðvarpi** í rótinni: *Ísland* – *Íslendingur*, *afl* – *öflugur*.

Afleidd orð geta líka verið mynduð úr **forskeyti** og rót: *ólán* (forskeytið *ó-* + *lán*). Stundum getur verið erfitt að greina sundur forskeyti og fyrri liði (forliði) samsettra orða (*Vestfirðir*, *hálfleiður*).

Afleidd orð geta enn fremur verið mynduð úr forskeyti, rót og viðskeyti: *óstöðugur* (forskeytið *ó-*, rótin *stað*, viðskeytið *-ug-*).

Verkefni

1. Finnið tvö dæmi um afleidd orð. Sýnið grunnorðið og í hvaða orðflokki það er. Sýnið einnig í hvaða orðflokki afleidda orðið er.

2. Skoðið orðmyndina *óendurnýtanlegt*. Hvaða forskeyti og viðskeyti eru þarna?

Nýyrði (ný orð)

Yfirleitt er reynt að búa til orð yfir ný fyrirbæri. Nokkrar leiðir eru til þess: erlend lán, innlend lán og nýmyndanir.

Erlend lán. Þá er erlenda orðið tekið lítið breytt inn í málið. Það er lagað að íslenskri stafsetningu, t.d. *hótel*, *sjoppa*, *pítsa*, *töff*. Orðin þurfa að falla að íslensku málkerfi. Nafnorð fá kyn og fara í ákveðinn beygingaflokk, t.d. eru orðin *pítsa* og *sjoppa* kvenkynsorð sem fá veika beygingu, þ.e. beygjast eins og orðið *stelpa*.

Verkefni

a) Enska orðið *shop* varð *sjoppa* í íslensku. Það hefði getað orðið *sjopp* og beygst eins og *happ*. Veltið þessu fyrir ykkur. Hvað ræður?

b) Finnið tvö dæmi um erlend lán.

Innlend lán. Þá er tekið gamalt íslenskt orð sem fær þá nýja merkingu. Þetta getur verið algengt orð, s.s. *diskur*, sem áður var aðeins mataráhald en getur núna merkt ‘geisladiskur’ eða ‘tölvudiskur’, eða *mús*, sem getur nú merkt ‘tölvumús’. Oft er þó um að ræða orð sem eru sjaldan notuð í sinni gömlu merkingu og orðin fá þá nýja merkingu: *sími*, *skjár*.

Nýmyndanir. Þá eru búin til ný orð, annaðhvort með samsetningu (samsett orð) eða afleiðslu (afleidd orð, orð með viðskeyti eða forskeyti).

a) Samsetning: *sjónvarp*, *ritvinnsla*

b) Afleiðsla: *bendill* (*bend(a)*+ *-il-l*, sbr. *ketill*, *speggill*), *mótald*, *forrit*, *tölva*

Verkefni

Finnið dæmi um nýmyndanir og sýnið úr hverju nýja orðið er búið til.

Þýðingarlán. Mörg nýyrði eru í raun þýðingarlán, þ.e. þau eru sniðin eftir erlendum nýyrðum, eru í rauninni þýdd. Dæmi um slíkt eru *forrit* (sbr. ensku *program*), *mús* (sbr. ensku *mouse*).

Virk og lærð orðmyndun

Stundum er talað um virka og lærða orðmyndun. **Virka** orðmyndun geta allir stundað og börn eru oft dugleg. Þau eru fljót að búa til orð með virkum viðskeytum á borð við *-ari* (t.d. *tapari* yfir þann sem tapar). **Lærð** orðmyndun er hins vegar viðfangsefni sérfræðinga. Þá er oft gripið til sjaldgæfra eða óvirkra viðskeyta og búin til orð á borð við *tölva* og *mótald*. Margsamsett orð eru algengari í lærðri orðmyndun.